

frá 11. ágúst 1941 til þess er greitt verður og upp í málskostnað kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1941.

Nr. 67/1941. Bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigfúsi Baldvinssyni (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jón Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. ágúst þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og framkvæmd lögtaksins leyfð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurður fógetaréttarins verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það hefur ekki komið upp í málinu, að atvinnurekstur stefnda á Siglufirði, sem eingöngu er sildarsöltun og sildarsala, sé annar eða meiri en átt er við í c-lið 9. gr. útsvarslaga nr. 106 frá 1936. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sigfúsi Baldvinssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógataréttar Siglufjarðarkaupstaðar 7. ágúst 1941.

Við aukaniðurjöfnun útsvara í Siglufirði árið 1940 var Sigfúsi Baldvinssyni, útg. til heimilis á Akureyri, gert að greiða kr. 1500.00 í útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar. Var útsvar þetta lagt á þann atvinnurekstur, er gerðarþoli rekur hér á Siglufirði, en það er sildarverkun á sumrum. Gerðarbeiðandi krefst þess, að útsvar þetta verði nú lögtaki tekið, og telur kröfu sinni til rökstuðnings það, að hér sé um atvinnurekstur gerðarþola að ræða, er heimilisfastur sé hér á Siglufirði og því útsvarsskyldur hér eftir a-lið 8. gr. útsvarslaganna.

Gerðarþoli krefst þess hins vegar, að lögtakið fari ekki fram, og rökstyður þá kröfu sína með því, að þegar er honum varð kunnugt um útsvarsálagningu þessa, hafi hann kært hana og mótmælt henni sem ólöglegri. Hann sé heimilisfastur á Akureyri, þar sé hans lögheimili og þar hafi hann greitt útsvar árið 1940, einnig af þeim tekjum er hann hafði af sildarverkun sinni hér á Siglufirði árið 1939. Hann hafi að visu haft sildarstöð á leigu hér árið 1939 og rekið hér sildarsöltun það ár, en slíkur atvinnurekstur sé eigi útsvarsskyldur hér á Siglufirði, þar sem eigi geti verið að ræða um atvinnurekstur, er teljast megi heimilisfastur á Siglufirði. Sé útsvar þetta því á sig lagt ólöglega.

Kemur þá til álita við úrskurð í máli þessu, hvort hér er um heimilisfastan atvinnurekstur gerðarþola að ræða á Siglufirði, eða ekki.

Atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði er sildarverkun, eins og áður getur. Atvinnurekstur þessi stendur vegna eðlis síns eigi yfir nema 3—4 mán., ef til vill í mesta lagi 4—6 mánuði, eins og gerðarbeiðandi heldur fram. Að visu hefur gerðarþoli fasta starfsmenn í þágu þessa atvinnureksturs, meðan hann stendur yfir.

Það, að gerðarþoli kærir yfir álagningunni, strax og honum er hún tilkynnt, sem ólögmætri, sýnir það, að hann telur sig ekki útsvarsskyldan hér á Siglufirði. Lögheimili gerðarþola er á Akureyri, en svo segir í 8. gr., 2. mgr., sbr. 8. gr., 1. mgr., útsvarslaganna, að leggja skuli á allar tekjur og eignir gjaldþegns, þar sem hann hafði lögheimili næst á undan niðurjöfnun, „hvar sem þeirra er aflað“. Réttinum sýnist, að atvinnurekstur gerðarþola á Siglufirði sé þess eðlis og þannig háttað, að eigi sé unnt að heimfæra hann undir undirtekningarákvæði 8. gr. frá greindri aðalreglu útsvarslaganna um, hvar gjaldþegn skuli útsvarsskyldur vera, og því eigi hægt að heimfæra hann undir a-lið 8. gr., 2. mgr. útsvarslaganna.

Verður því að telja rétt þau mótmæli gerðarþola, að útsvarið hafi á hann verið lagt ólöglega, og að hin umbeðna lögtaksgerð megi því eigi fram fara að lögum.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.